

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

1889:

- Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 7. desbr. 1889 (A, nr. 22, bls. 82—83).
- Lög um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenzkra embættismanna, undirskrifuð af konungi 9. desbr. 1889 (A, nr. 23, bls. 84—87).
- Lög um sölu nokkurra þjóðjarða, undirskrifuð af konungi 9. desbr. 1889 (A, nr. 24, bls. 88—89).
- Lög um varúðarreglur til þess að forðast ásiglingar, undirskrifuð af konungi 9. desbr. 1889 (A, nr. 25, bls. 90—91).

1890:

- Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, undirskrifuð af konungi 3. jan. 1890 (A, nr. 1, bls. 2—5).
- Lög um breyting á tilsk. um póstmál 26. febr. 1872 og lögum 15. okt. 1875 um breyting á sömu tilskipun, undirskrifuð af konungi 3. jan. 1890 (A, nr. 2, bls. 6—7).
- Lög um löggilding verzlunarstaðar á Arngerðareyri við Ísafjardardjúp, undirskrifuð af konungi 3. jan. 1890 (A, nr. 3, bls. 8—9).
- Lög um löggilding verzlunarstaðar við Hólmavík í Steingrímsfirði, undirskrifuð af konungi 3. jan. 1890 (A, nr. 4, bls. 10—11).
- Lög um löggilding verzlunarstaðar að Stapa í Snæfellsnessýslu, undirskrifuð af konungi 3. jan. 1890 (A, nr. 5, bls. 12—13).
- Lög um löggilding verzlunarstaðar á Búðareyri við Reyðarfjörð, undirskrifuð af konungi 3. jan. 1890 (A, nr. 6, bls. 14—15).
- Lög um löggilding verzlunarstaðar að Múlahöfn við Hjeradsflóa, undirskrifuð af konungi 3. jan. 1890 (A, nr. 7, bls. 16—17).
- Auglýsing um bólusótt í Venedig og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands og fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 10. jan. 1890 (A, nr. 8, bls. 18—19).

Brjef laudshöföngja til stiptsyfirvaldanna, um ölmusuveitingar til lærisveina
hins lærða skóla. Eins og hinum háttvirtu stiptsyfirvöldum mun vera kunnugt, hefur
nefnd sú, sem skipuð var í neðri deild alþingis í sumar er leið til að íhuga og láta uppi
tillögur um frumvarp til fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, tekið meðal annars
fram í álitu sínu, að vel sýnist eiga við, að uppástungur um veiting ölmusanna við
hinn lærða skóla sjeu bornar undir kennarafund og honum gefinn kostur á, að láta í
ljósi álit sitt um, hvernig ölmusuffjenu skuli útbýtt, því að gjöra megi ráð fyrir, að
hinir ýmsu kennarar kynnu að vera kunnugri høgum einstakra skólapilta, heldur en
skólastjóri einn.

Með því að mjer virðist þessi tillaga fjárlaganefndarinnar vera á góðum rökum
byggð og þess verð, að hún sje tekin til greina, vil jeg þjónustusamlega skora á yður,
herra amtmaður og háæruverðugi herra, að leggja fyrir rektor hins lærða skóla, í hvert
skipti sem til þess kemur, að veita ölmusur við skólann, þá að bera það málefni upp á

5. dag febrúarmán. 1890.

kennarafundi, og gefa fundinum kost á að láta uppi uppástungur sínar um ölmusuveit-ingarnar, og að senda yður síðan uppástungur fundarins með ummælum sínum (rektors).

2
9. jan. Brjef landshöfðingja til kaupmanns Markúsar Snæbjarnarsonar, um afgreiðslugjald af skipi. Með brjefi dags. 8. nóv. f. á. hafið þjer, herra kaupmaður, spurzt fyrir um það, hvort bæjarfógetinn á Ísafirði hafi með rjettu heimtað og tekið hálfu afgreiðslugjald af skipi yðar «Guðrúnu», er þjer tjáizt hafa haft til lausakaupferða á ýmsar hafnir utan Barðastrandarsýslu á síðastliðnu sumri, eptir að þjer hafið greitt af því fullt afgreiðslugjald á Geirseyri, en þangað kom skipið frá Kaupmannahöfn, og álitid þjer, að þjer hafið þannig galdið hálfu afgreiðslugjaldi of mikið. Útaf þessu skal yður hjermed gefid til vitundar, að með því að skjöl þau, sem fylgdu brjefi yðar, bera með sjer, að nefnt skip hafi verið affermt að fullu á Geirseyri, og fermt eða átt að fermast þar aptur að fullu, er það samkvæmt 62. gr. reglugj. 10. sept. 1830 og 8. gr. í tilsk. 15. april 1854 rjett, að þjer hafið greitt fullt afgreiðslugjald þar í lögsagnarumdæminu, og samkvæmt sömu lagagreinum og fastri venju þar yður, þegar þjer síðar senduð skipið til verzlunar í önnur lögsagnarumdæmi, að greiða hálfu afgreiðslugjald í hverju því umdæmi, þar sem skipið hefur að nokkru verið affermt eða fermt.

3
15. jan. Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll-lækkun á frakkneskum saltfiski á Ítalíu. Utanríkisstjórnin hefur skýrt mjer frá, að konsull ríkisins í Genúa hafi vakið eptirtekt á því, að samkvæmt lögum um afnám tollmuna, sem þing Ítala hafi samþykkt, sje innflutningsgjald af saltfiski frá Frakklandi aptur orðið 5 lírur af kíló hverju í stað 10 líra, og að þessvegna sje nauðsynlegt, að hinnar mestu varúðar sje gætt við þurkinn á íslenskum og færeyskum saltfiski, til þess að hann geti keppt við hinn frakkneska.

Þetta læt jeg eigi hjá líða hjermed þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóku. leiðbeiningar og birtingar á þann hátt, sem yður kann að þykja heppi-legastur.

4
17. jan. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suduramtinu og vesturamtinu, um hve verja skuli styrk-hluta vesturamtsins af gullbrúðkaupssjóði Bjarna amtm. Þorsteinssonar og konu hans 1889—91. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 7. þ. m., hafið þjer, herra amtmáður, lagt það til, að jeg samþykki þá tillögu amtsráðsins í vesturamtinu, að verja styrk þeim, sem vesturamtid fær árin 1889—91 af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og konu hans frá Þórunnar Hannesdóttur, til þess að endurbæta hinn svonefnda Arnarstapaveg í Mýrasýslu, og þar sem jeg fellst á ofangreinda ráðstöfun, sendi jeg yður hjer með í ofanefndu skyni 100 kr., sem er sá styrkur, sem vesturamtid getur orðið aðnjótandi fyrir árið 1889 af tjeðu gullbrúðkaupslegati.